

Lög

um breytingu á lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir skilgreiningu á félagasamstæðu í 7. gr. laganna kemur ný orðskýring, svohljóðandi:

- hlutdeildarfélag, félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga eignarhlut í og hafa veruleg áhrif á, en félag er talið hafa veruleg áhrif ef það og dótturfélög þess fara með 20% eða meira af atkvæðum í hlutdeildarfélaginu.

2. gr.

Við 29. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Aðlagð gjaldþol váttryggingafélags sem á annað váttryggingafélag að dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi er gjaldþol þess skv. 1. mgr. að frádregnum fjárhæðum sem verða til við að sömu eignir séu taldar beint eða óbeint hjá fleiri en einum aðila, svo og öllum eignum sem verða til við gagnkvæma fjármögnun. Tekið skal tillit til allra dóttur- og hlutdeildarféлага váttryggingafélagsins, félaga sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í váttryggingafélaginu og annarra dóttur- og hlutdeildarféлага þeirra félaga. Fjármálaeftirlitið getur í sérstökum tilvikum krafist eða heimilað að önnur aðferð sé notuð við útreikning aðlagðs gjaldþols.

Sé váttryggingafélag dótturfélag annars váttryggingafélags eða félags þar sem meginstarfsemi er eignarhald á váttryggingafélagi skal reikna aðlagð gjaldþol móðurfélagsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar auk útreiknings á gjaldþoli váttryggingafélagsins. Við útreikninginn skal taka tillit til allra hlutdeildarféлага móðurfélagsins.

Nánar skal kveða á um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli í reglugerð. Þar má einnig tilgreina undanþágur frá skyldu til að reikna aðlagð gjaldþol. Taki útreikningurinn til fyrirtækja í öðrum ríkjum fer um samstarf eftirlitsstjórnvalda eftir alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og samstarfssamningum sem Fjármálaeftirlitið gerir á grundvelli þeirra.

3. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé aðlagð gjaldþol váttryggingafélags eða móðurfélags þess minna en lágmarksgjaldþol skv. 30., 31. og 33. gr. að viðbættri hlutdeild í lágmarksgjaldþoli allra hlutdeildar- og dótturfélaga sem eru váttryggingafélög skal váttryggingafélagið þegar í stað gera áætlun um hvenær og hvernig markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Fjármálaeftirlitið sem ákveður hvort hún telst fullnægjandi. Lágmarksgjaldþol hlutdeildar- og dótturfélaga skal reiknað samkvæmt nefndum ákvæðum, jafnvel þótt aðrar reglur gildi í heimaríki þeirra.

4. gr.

Við 1. mgr. 43. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Stjórnin ber ásamt framkvæmdastjóra ábyrgð á því að skipulag félagsins og innra eftirlit sé fullnægjandi og á

því að félagið geti lagt fram upplýsingar sem þörf er á til eftirlits með því. Fjármálaeftirlitið getur sett almennar reglur um fyrirkomulag innra eftirlits í váttryggingafélögum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal a.m.k. árlega kanna gjaldþol og greiðsluþol váttryggingafélaga á grundvelli ársreiknings fyrir næstliðið reikningsár og annarra nauðsynlegra gagna og upplýsinga um starfsemina. Einnig skal kanna aðlagð gjaldþol váttryggingafélaga og móðurfélaga þeirra ef við á. Fjármálaeftirlitið getur snúið sér til dóttur- og hlutdeildarfélag váttryggingafélags, félaga sem hafa yfíráð yfir eða eiga hlutdeild í váttryggingafélaginu, svo og til dóttur- og hlutdeildarfélag þeirra félaga, til að afla nauðsynlegra gagna hafi váttryggingafélagið sjálf ekki staðið Fjármálaeftirlitinu skil á þeim. Viðkomandi fyrirtæki skal þegar verða við beiðni um slík gögn. Einu gildir hvort eignaraðild er bein eða óbein. Gögnin má sannreyna með athugun á staðnum, hjá váttryggingafélaginu sjálfu eða öðrum félögum í sömu félagasamstæðu. Fjármálaeftirlitið metur síðan hvort skilyrði 29.–33. gr., eftir því sem við á, séu uppfyllt. Hafi Fjármálaeftirlitið athugasemdir fram að færa skal það tilkynnt félaginu. Sé nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þessa eiga ákvæði XI. kafla við.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið fylgist með viðskiptum váttryggingafélags við dóttur- og hlutdeildarfélag þess, félag sem hafa yfíráð yfir eða eiga hlutdeild í váttryggingafélaginu og við önnur dóttur- og hlutdeildarfélag þeirra félaga. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið fylgjast með viðskiptum váttryggingafélags við einstaklinga sem eiga 20% hlut eða stærrí í framangreindum félögum. Sérstaklega skal fylgjast með lánnum, ábyrgðum og liðum utan efnahagsreiknings, efnahagsliðum sem myndað geta hluta af gjaldþoli, fjárfestingum, endurtryggingaviðskiptum og samningum um kostnaðarskiptingu.

Árlega skulu váttryggingafélög skila Fjármálaeftirlitinu skýrslu um slík viðskipti eftir nánari ákvörðun þess. Séu viðskiptin við fyrirtæki eða einstaklinga í öðrum ríkjum fer um samstarf eftirlitsstjórnvalda eftir alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og samstarfssamningum sem Fjármálaeftirlitið gerir á grundvelli þeirra.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinar frumvarpsins sem varða aðlagð gjaldþol koma þó fyrst til framkvæmda við eftirlit sem byggist á ársreikningum vegna reikningsársins 2001.

Samþykkt á Alþingi 9. maí 2000.